

## 12. gr.

Árlega skal samin heildarskýrsla um störf Ríkisendurskoðunar á liðnu almanaksári. Skal hún lögð fyrir Alþingi.

## 13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997 og um leið falla úr gildi lög nr. 12/1986, um ríkisendurskoðun, með síðari breytingum.

*Gjört á Bessastöðum, 27. maí 1997.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Davíð Oddsson.*

## LÖG

**um breytingu á lögum nr. 6/1986, um afréttamálefni,  
fjallskil o.fl., með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Við 33. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sinni sveitarstjórn ekki skyldum sínum skv. 1. mgr. að mati lögreglustjóra skal hann láta smala ágangsfénaði á kostnað eiganda.

## 2. gr.

63. gr. laganna orðast svo:

Búfjármörk eru: örmerki, frostmerki, brennimörk, plötumerki og eyrnamörk. Skyllt er hverjum búfjáreiganda að hafa glögg mark á búfé sínu. Lömb skulu eyrnamörkuð fyrir lok 12. viku sumars. Skyllt er að brennimerkja eða plötumerkja allt ásett sauðfé og geitfé með brennimerki eða númeri lögbýlis eða eiganda, sýslutákni og númeri sveitarfélags. Að auki er heimilt að brennimerkja sömu númer og tákn á horn.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um notkun búfjármarka, þar með talin ákvæði um liti, gerð og notkun plötumerkja eftir varnarsvæðum, framkvæmd frost- og örmerkinga og skyldu til að láta merkja stórgripi. Í fjallskilasamþykkt er heimilt að setja sérákvæði um búfjármörk.

## 3. gr.

4. másl. 64. gr. laganna orðast svo: Við sönnun á eign á búfé er örmerki rétt hæst, þar næst frostmerki, síðan brennimerki, þá plötumerki og síðast eyrnamerki.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 26. maí 1997.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Guðmundur Bjarnason.*